


Svæðisskipulag Austurlands

2022-2044



AUSTURLAND

UM SKIPULAGIÐ

Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044 markar sameiginlega framtíðarsýn Fjarðabyggðar, Fljótshrepps, Múlaþings og Vopna-fjarðarhrepps. Tilgangurinn þess er að samstilla stefnu sveitarfélaganna í umhverfis, efnahags, samfélags og menningarmálum.

Markmið okkar er að gera Austurland að eftirsóknarverðum stað til búsetu, atvinnu, fjárfestinga og ferðalaga.

Austurland 2044:

- ✱ Sjálfbært, fjölbreytt og öflugt atvinnulíf.
- ✱ Samheldið fjölmenningarsamfélag.
- ✱ Litríkt listalíf og lifandi menningararfur.
- ✱ Óteljandi tækifæri til að upplifa sönn ævintýri.



Góð heimkynni



Svæði sóknarfæra



Sterkt samfélag



Ævintýri líkast

UMHVERFISMÁL	Vistvænt og fallegt			
ATVINNUMÁL		Skapandi og kröftugt		
SAMFÉLAGSMÁL			Sameinað og hraust	
MENNINGARMÁL				Skemmtilegt og lístrænt

GÓÐ HEIMKYNNI



Á Austurlandi verða áfram góð heimkynni. Umhverfið verður heilnæmt, vistvænt og öruggt. Það verður áfram gott að búa á Austurlandi og eftir-sóknarvert að sækja það heim.

Markmið okkar:

- ✱ Góðar samgöngur, sjálfbær orka og öflug fjarskipti.
- ✱ Viðnámsþróttur gagnvart hnattrænum loftslagsbreytingum.
- ✱ Heilbrigðum og staðbundnum vistkerfum viðhaldið.
- ✱ Virðing fyrir verðmætu náttúrufari og landslagi.

SVÆÐI SÓKNARFÆRA



Austurland verður áfram svæði sóknarfæra þar sem blómlegt atvinnulíf nýtir auðlindir landshlutans á sjálfbæran hátt. Nýsköpun, þekking og rannsóknir verða grundvöllur atvinnuþróunar.

Markmið okkar:

- ✱ Skýrar lykiláherslur um atvinnuþróun.
- ✱ Aukin verðmætasköpun í matvælaframleiðslu.
- ✱ Öflug skógrækt í þágu umhverfis, atvinnulífs og afþreyingar.
- ✱ Sjálfbær, ábyrg og öflug ferðaþjónusta árið um kring.

STERKT SAMFÉLAG



Á Austurlandi verður áfram samheldið og fjölbreytt samfélag fólks sem hefur tækifæri til að nýta og þróa þekkingu sína, býr við örugga heilbrigðisþjónustu og heilsuefandi umhverfi.

Markmið okkar:

- ✱ Samfélög þar sem allir geta notið sín.
- ✱ Þekking, skapandi hugsun og nýsköpun einkennir öll svið samfélagsins.
- ✱ Gott aðgengi að grunnþjónustu og tækifærum til heilsueflingar.

ÆVINTÝRI LÍKAST



Austurland verður áfram sem ævintýri líkast. Blómlegt menningarlíf og góðar aðstæður til listsköpunar og íþróttar. Margskonar útivistarmöguleikar gera landshlutann að spennandi stað til að búa á, starfa í og heimsækja.

Markmið okkar:

- ✦ Gestir eru velkomnir og geta skyggst inn í og verið þátttakendur í daglegu lífi íbúa.
- ✦ Framúrskarandi aðstæður til að njóta menningar og iðka fjölbreytta listastarfsemi.
- ✦ Austurland verður kjörið til útivistar og aðstæður til íþróttaiðkunar til fyrirmyndar.

INNLEIÐING

Svæðisskipulagsnefnd fylgist með framfylgd stefnunnar en hagsmunaaðilar á Austurlandi t.d. sveitarfélög, fyrirtæki, félagasamtök, stofnanir og síðast en ekki síst íbúar muna að eiga í nánú samstarfi og samtali svo ná megi markmiðum svæðisskipulagsins. Eitt af forgangsverknum svæðisskipulagsnefndar er að skapa samráðsvettvang þar sem slíkt samstarf og samtal fer fram.

Aðgengi upplýsinga

Svo hægt sé að ná markmiðum svæðisskipulagsins þarf aðgengi að upplýsingum að vera gott. Framsetning þess þarf að vera skýr, miðlunin skilvirk og fjölbreytt þannig að það nái til breiðs hóps.

Endurskoðun

Að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum kemur svæðisskipulagsnefnd saman og metur hvort ástæða sé til að endurskoða eða uppfæra svæðisskipulagið. Aðgerðar- og þróunaráætlanir sveitarfélaga og stoðstofnanna þeirra verða endurskoðaðar og uppfærðar reglulega í þeim tilgangi að ná fram markmiðum þess.

Mælikvarðar

Eftir að svæðisskipulagið hefur verið staðfest verða mælikvarðar skilgreindir og ábyrgðaraðilar tilgreindir.

Upphaf vinnu við Svæðisskipulag Austurlands má rekja til aðalfundar SSA 2015 þegar ákveðið var að ráðast í gerð svæðisskipulags með það að markmiði að íbúar Austurlands geti með sem viðtækastri sátt horft til framtíðar í málefnum landshlutans og aukið þannig samkeppnishæfni hans enn frekar.

Frekari upplýsingar, ítarefni og fylgiskjöl:

austurbru.is/svaedisskipulag